

Verkefni 11	Próun og ráðgjöf í menningarmálum
Markmið	<p>Að starfandi verði verkefnisstjóri menningarmála (menningarfulltrúi) sem sinni próun og ráðgjöf í menningarmálum og framfylgi þeirri stefnu sem fram kemur í Sóknaráætlun Norðurlands eystra með það að markmiði að Norðurland eystra verði leiðandi á sviði menningar, lista og skapandi greina.</p>
Stutt verkefnislýsing	<p>Til að vinna að þeirri stefnu og þeim markmiðum sem fram eru sett í Sóknaráætlun Norðurlands eystra á sviði menningarmála er talið mikilvægt að hafa sérstakan starfsmann. Meðal áhersluatriða er: Að vinna að eflingu samstarfs um menningarmál. Að starfa með og veita upplýsingar til menningarfulltrúa sveitarfélaga. Að stuðla að nýsköpun og fjölbreytni í listum og menningu. Að stuðla að fjölgun atvinnutækifæra á sviði lista og menningar. Að vinna að framþróun hönnunar til atvinnusköpunar og taka þátt í því að koma á fót hönnunarklasa. Að stuðla að jákvæðri þróun menningarstarfs á svæðinu m.a. með vinnu við þróunarverkefni og þátttöku í erlendu samstarfi. Að hafa umsjón með gagnagrunni um menningarmál. Mikilvægt er að áfram verði starfandi verkefnisstjóri menningarmála (menningarfulltrúi) í landshlutnum til að fylgja eftir því öfluga starfi sem unnið hefur verið á undanförnum árum. Starf menningarfulltrúa hefur orðið til að efla mjög menningarstarf í landshlutnum. Komið verður á reglubundnu samstarfi við Markaðsstofu Norðurlands um tengsl ferðaþjónustu og menningarmála. Komið verður á fót samstarfsteymi skipað menningarráðgjafa og fulltrúum atvinnuþróunararfélaganna. Verkefnisstjórin veitir einnig ráðgjöf og upplýsingar varðandi menningarhluta Uppbyggingarsjóðs og fer yfir tæknileg atriði umsókna og kannar hvort þær eru gildar og leggur þær síðan fyrir fagráð. Þá fer hann yfir áfanga- og lokaskýrslur frá styrkþegum.</p>
Framkvæmdaaðili	Eyþing
Samstarfsaðilar	<p>Menningarfulltrúar sveitarfélaga, menningarráðgjafar landshluta, menningarstofnanir, atvinnuþróunararfélög (AFE og AP), Markaðsstofa Norðurlands, Nýsköpunarmiðstöð Íslands og aðilar sem starfa á landsvísu að menningarmálum. Einig listafólk, stofnanir og aðrir sem vinna að framgangi menningar og lista á svæðinu.</p>
Tengsl við sóknaráætlun 2015-2019	<p>Verkefnisstjóra menningarmála er ætlað að vinna að þeim markmiðum í menningarmálum sem fram eru sett í Sóknaráætlun Norðurlands eystra (bls. 3 og 12 – 13) auk þróunarverkefna sem Eyþing hefur staðið að og gert samninga um.</p>
Árangursmælikvarðar	<ul style="list-style-type: none"> • Að viðhalda þeim árangri sem náðst hefur í menningarstarfi samkv. árangursmati Capacent á framkvæmd menningarsamninga. • Stofnaður hafi verið vettvangur skapandi greina – hönnunarklasi. • Fjöldi innlendra og erlendra samstarfsverkefna. • Samstarf komið á við ríkið um eflingu barnamenningar. • Fjöldi stærri svæðisbundinna menningarverkefna.

	<ul style="list-style-type: none"> • Landshlutinn þekktur fyrir gróskumikið menningarlíf.
Lokaafurð	Starf menningarráðgjafa sem vinnur öflugt þróunar- og ráðgjafarstarf á sviði menningar á grundvelli markmiða sóknaráætlunar og í samstarfi við tengda aðila.
Tímarammi	Tímarammi verkefnisins er áætlaður til ársloka 2019. Verkefnið hófst 2015.
Áætlaður kostnaður	11.865.000
Framlag úr sóknaráætlun 2019	11.865.000